

FLOKKUN TIL FRAMTÍÐAR

í Húnavatnshreppi



Húnavatnshreppur



Til íhugunar

- Um 91% Íslendinga flokka úrgang til endurvinnslu:
 - 19% flokka alltaf
 - 37% flokka oft
 - 35% flokka stundum eða sjaldan

(Úr könnun Capacent Gallup fyrir úrvinnslusjóð í sept. 2008)

- Endurnýting umbúða skal vera 60% til 85% á árunum 2012-2020

(Úr landsáætlun Umhverfisstofnunar)

- Jólappír Breta um síðustu jól hefði þakið alla Guernsey (Ermasundseyja) sem er 82 km² að stærð! Hve stóra eyju skyldi jólappír Íslendinga geta þakið?

- Endurvinnsla á 20 tveggja lítra gosdrykkjarflöskum úr plasti dugar til framleiðslu á einni meðalflíspeysu.

- Urðun á hverju tonni af pappír krefst þriggja rúmmetra rýmis á urðunarstað og veldur miklum gróðurhúsalofttegundum.

- Endurvinnsla á hverju tonni af pappír sparar u.þ.b. 4000 kWh af raforku miðað við venjulega framleiðslu pappírs. Þetta er álíka mikið og meðalheimili í Húnavatnshreppi notar af rafmagni á hverju ári.



- Það er umhverfissvænna að safna pappa og plasti frá íbúðarhúsnæði en að láta fólk skila því á grenndarstöðvar.

(Vistferilsgreining fyrir plast- og pappaumbúðir í heimilissorpi á vegum Úrvinnslusjóðs, apríl 2006)

- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi má að mestu leyti rekja til þess að hauggas frá loftfirrtu niðurbroti lífræns úrgangs losnar út í andrúmsloftið við urðun. Að auki losnar koldíoxíð við brennslu úrgangs. Helstu leiðir við að minnka þetta útstreymi eru þær að draga úr myndun úrgangs, minnka urðun og auka þess í stað m.a. endurvinnslu og jarðgerð. Þessar aðgerðir geta dregið úr útstreymi um allt að 9%.

(Úr skýrslu Umhverfissráðuneytis árið 2009 sem nefnist: "Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, niðurstöður sérfræðinganeftardar")

- Gott líf felst í því að gera þá hluti vel sem maður getur gert vel. (Aristóteles)

Framfaraskref í endurvinnslu og endurnýtingu á sorpi.



Ágætu íbúar í Húnavatnshreppi.

Í desember 2011 var samið við Sorphreinsun VH ehf. um nýtt fyrirkomulag á sorphirðu í Húnavatnshreppi. Samningurinn hefur í för með sér að boðið er uppá aðgang að endurvinnslu og endurnýtingu á úrgangi með því að leggja til Endurvinnslutunnu á hvert heimili í sveitarfélaginu.

Við hvert heimili verða tvö sorplát. Fyrir almennan óflokkaðan úrgang verða notuð 660 lítra kör. Fyrir þurrt, hreint endurvinnsluefni verða notaðar 240 lítra tunnur. Sorphreinsun VH mun afhenda Endurvinnslutunnur fyrir öll heimili í sveitarfélaginu og endurnýja ónýt kör og skipta út eftir þörfum. Þeim 1000 lítra körum sem enn eru í notkun verður skipt út smám saman fyrir 660 lítra kör.

Frá byrjun júní og til loka september verður sorphirða á 14 daga fresti. Frá byrjun októ-

ber til loka maí verður sorphirða á þriggja vikna fresti. Tunnur fyrir endurvinnsluefni verða losaðar eftir þörfum samhliða sorphirðu. Söfnun á heyrúlluplasti verður fjórum sinnum á ári, eins og verið hefur.

Við Húnaver, Dalsmynni og Aralæk verða gámar fyrir óflokkaðan úrgang. Gámar undir brotajárn verða á gámasvæðunum allt árið, einnig kör fyrir spilliefni og söfnunartankar fyrir úrgangsolíu. Gámar fyrir timburúrgang verða á gámasvæðunum í tvo mánuði á sumri. Á Húnavöllum verður gámur fyrir timburúrgang þá mánuði sem timburgámar eru ekki á gámasvæðum. Á Húnavöllum verða einnig ílát til söfnunar á raftækjum.

Gert er ráð fyrir að þetta nýja fyrirkomulag taki gildi í byrjun apríl 2012.

Við óskum eftir góðu samstarfi íbúa við þessa breytingu og teljum afar mikilvægt að sem flestir sjái sér fært að flokka úrgang til endurvinnslu. Með því stígum við skref til betra umhverfis og minnkum um leið þá auðlindasóun sem felst í urðun úrgangs.

Jens P Jensen
sveitarstjóri

7 flokkar í sömu tunnu!



Íbúum í Húnavatnshreppi verður afhent endurvinnslutunna með grænu loki en í hana má setja 7 flokka af endurvinnanlegum efnum. Íbúar skulu nota þessa lausn og stuðla þannig að aukinni endurvinnslu í sveitarfélaginu.

Sorphreinsun VH ábyrgist að allt innihald endurvinnslutunnunnar fari til endurnýtingar og urðun sparast. Hafa ber í huga að starfsmenn Sorphreinsunar VH þurfa að hafa greiðan aðgang að tunnunum og að auðvelt sé að losa þær í söfnunarbíl.

Sérstakar festingar fyrir tunnur eru til sölu hjá Sorphreinsun VH.

Mikilvægt er að flokkunin takist vel en með henni næst mikill umhverfislegur ávinningur.

Sjá leiðbeiningar hér að neðan:

Sett laust og beint í tunnuna



Dagblöð og tímarit.



Skrifstofupappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.



Sléttur pappi/bylgjupappi s.s. hreinir pizzukassar og morgunkornspakkar.



Málmar s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrukum.



Fernur. (Allar teg. en vel skolaðar)



Plastumbúðir s.s. sjampóbrúsar, plastdósir og plastpokar.*

Í sérmerktum pokum



Rafhlöður í sérmerktum bláum plastpokum.



Almennt heimilissorp

Auk Endurvinnslutunnunnar er stefnt að því að hafa 660 lítra ker fyrir almennt sorp við hvert heimili. Sorphirðuáætlun má finna á **gamar.is** og **hunavatnshreppur.is** Gæta þarf þess að halda greiðfærri leið að tunnum og kerjum og moka burt snjó þegar þörf krefur.

Gámavellir

eru við Aralæk, Dalsmynni og Húnaver.



Óendurvinnanlegt



***Timbur**



Málmar



Spilliefni.

*Aðeins frá 20. júní–20. ágúst.
Þar verða einnig söfnunartankar fyrir úrgangsolíu.

Á Húnavöllum verður ílát til söfnunar á raftækjum. Þar verður einnig gámur fyrir timbur þegar timburgámar eru ekki á gámasvæðum.



Söfnun á landbúnaðarplasti

Söfnun fer fram 4 sinnum á ári eins og verið hefur. Best er að ganga frá landbúnaðarplasti um leið og það fellur til við gegningar.

Það er mjög áriðandi að plastið sé hreint og laust við aðskotahluti.

Ef plastið er ekki hreint þarf að urða það með tilheyrandi kostnaði.

Baggabönd og net skal taka frá og setja í poka sem safnað verður um leið og landbúnaðarplastinu. Nota má áburðarpoka eða stórsekki og merkja pokann vel „net/bönd“.





Flokkum til framtíðar!

Ábyrg, örugg endurvinnsla eru ein-kunnarorð Gámapjónustunnar og dótturfélaga hennar um allt land.

Við notum þau til að fullvissa viðskiptavini okkar um áreiðanleika við afsetningu endurvinnsluefna og ábyrgjumst að flokkað efni frá heimilum og fyrirtækjum fari í réttan farveg til endurvinnslu. Til dæmis er innihald Endurvinnslutunnunnar hand-

flokkað á færíbandi og hver flokkur fyrir sig síðan pressaður í bagga og settur í gám til útflutnings. Þaðan fara efnin síðan til endurvinnslufyrirtækja sem nýta þau í ýmiss konar framleiðslu.

Ekki leikur nokkur vafi á því að kröfur um flokkun eiga enn eftir að aukast á næstu árum. Verum í fararbroddi með Sorpreinsun VH í þeirri þróun.

Bætt umhverfi - Betri framtíð!

Skápalausnir • Söfnunarlát



Passar
fyrir körfu

ÁSINN

2x10 l. á sleða + karfa
Mál: 25 x 38/35 cm.



TVISTURINN

2x18 l. á sleða
Mál: 31 x 46/36 cm.



ÞRISTURINN

2 x 14 l. + 1 x 8l. á sleða
Mál: 31 x 46/36 cm.



FJARKINN

4 x 10 l. á 2 sleðum
Mál: 50 x 38/35 cm.



2 x 40l.

2 x tvær 40 l. tunnur
á hjólavögnum.



2 x 60l.

Tvær 60 l. tunnur
á hjólavagni.



FLOKKUNARILÁT



GÁMARÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhelli 6
221 Hafnarfjörður • Sími 535 2500
soludeild@gamar.is
www.gamar.is



JARÐGERÐARTANKUR



21.767/03.12

Setjum umhverfið í fyrsta sæti!



SORPHREINSUN
Vilhelms Harðarsonar ehf.

Sími 452 2958 • Vefang: www.gamar.is • Netfang: sorpvh@simnet.is